

Aðbúnaður í hesthúsahverfi með því besta hér á landi.

Rætt við Hallgrím Jóhannesson formann Hestamannafélagsins Mána.

„Hestamennskan er alls ekki kostnaðarsöm íþrótt og hvað er það t.d. á móti því að einn dagur í laxveiðiá kostar 5 þúsund, en fóður og hirðing fyrir hestinn 5-6 þúsund á ári,“ sagði Hallgrímur Jóhannesson, formaður Hestamannafélagsins Mána á Suðurnesjum, þegar við hittum hann að máli í einu af hinum mörgu hesthúsum sem reist hafa verið skammt utan Sandgerðisvegarins. „Að vísu kosta reiðtygin um 10 þúsund krónur og meðalverð á hesti er um 20 þúsund. Þetta er fjárfesting til margra ára svo varla er hægt að tala um mikinn kostnað. Hann um margfalt endurgoldinn í þeirri lífsfyllingu sem hestamennskan veitir þeim.“

Hallgrímur, sem hefur gengt formannsembættinu í tvö ár, var að sinna tólf hestum sínum, sem hann hefur á húsi, þegar okkur bar að garði. Hann fræddi okkur um starfseminna á meðan hann burstaði, kembdi og klappaði hestunum. „Félagar í Mána eru nálægt 160, en það er stofnað árið 1965, af nokkrum áhugamönnum um hestamennsku, hér á Suðurnesjum. Fljótlega var farið að kanna hvort hægt væri að fá landssvæði undir hesthús og til ræktunar þar sem hægt væri að hafa beit og skeiðvöll. Það tókst að fá landssvæði hjá Varnarmálandeild, girða það og rækta og byggja hesthúsahefni. Aðstaðan og aðbúnaðurinn er því orðin mjög góður, – sennilega með því besta sem gerist á landinu.“

Máni hefur um 100 hektara lands, en þörf er fyrir meira, og það er spurning hvort leyfi verði veitt fyrir því af hálfu yfirvalda. Mánamenn hafa lagt drjúgan



Hallgrímur Jóhannesson á einum gæðinga sinna.

skerf til ræktunar á Rosmhvalanesi, með því að sá í örfoka melana við Garðveginn svo að þar eru nú iðagræninir vellir. Landgræðslan mælir með því að Máni fái stærra land vegna þess að félagið eitt slíkra í landinu, ræktar meira en það tekur af gróðrinum, eða svo upplýsti Hallgrímur okkur. „Við erum nýbúinir að fá landspildu í Grindavík á Hópsheiði, með þeim skilmálum að við verðum að víkja, þurfi Varnarmáladeild á landinu að halda.“

Hestamannafélagið Máni á Suðurnesjum er í Landsambandi hestamannafélaga og tekur þátt í fjórðungs- og landsmótum samtakanna og hefur náð þar mjög góðum árangri. „Mótahald hjá okkur,“ sagði Hallgrímur, sem var

farinn að gefa hestunum kvöldverðinn, hey,“ er firma-keppni um Hvítasunnuna. Fjórða og fimmta júní, höldum við hestaping Mána sem er gæðingakeppni innan félagsins, og við höfum opnar kappreiðar en í þeim hafa tekið þátt öll snjöllustu hross landsins. Íþróttadeildin hjá okkur stendur fyrir árlegu íþróttamóti þar sem knapinn er metinn meira en hesturinn. Annars megið þið ekki halda að við séum eingöngu að hugsa um keppni og sigra, – það er umgengnin við hestinn og útilífið sem fylgir hestamenskunni sem er okkar aðaláhugamál og er það sem virkilega heillar í þessari tómtundaiðju.“

Þeir Mánamenn hafa staðið fyrir reiðskóla á hverju ári fyrir félagsmenn, en hugleiða nú að opna hann almenningi. Hafa þeir

í hyggju að leita samstarfs við æskulýðsráð sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Formennskan í Mána er tímafrek en Hallgrímur sér ekki eftir þeim stundum sem hann fórnar í félagsmálin, né nokkur þeirra sem vinnur að velferð félagsins. Að ýmsu þarf að hyggja, ekki síst landsvæðinu, tryggja sér áburð, bera á, girða og sjá um ýmsa aðra hluti, – en áður en við kveðjum Hallgrím, spyrjum við:

„Hvað fá hestarnir í morgun- og miðdegisverð?“ „Graskögglar, eru þeirra „cerios“ á morgnana en til miðdegisverðar fá þeir reiðhestablöndu og hafra. Þessu geta þeir svo skolað niður með fersku vatni úr sjálfsbrynningartækjum.“